



**93. fundur Byggðaráðs Múlapings  
haldinn í fjarfundi, þriðjudaginn 29. ágúst 2023  
og hófst hann kl. 08:30**

**Fundinn sátu:**

Berglind Harpa Svavarsdóttir formaður, Vilhjálmur Jónsson varaformaður, Ívar Karl Hafliðason aðalmaður, Hildur Þórisdóttir aðalmaður, Helgi Hlynur Ásgrímsson aðalmaður, Þröstur Jónsson áheyrnarfulltrúi, Björn Ingimarsson sveitarstjóri og Inga Þorvaldsdóttir fundarritari.

**Fundargerð ritaði:** Inga Þorvaldsdóttir, fulltrúi á stjórnsýslusviði

**Dagskrá:**

**1. 202301003 - Fjármál 2023**

Sveitarstjóri fór yfir og kynnti mál er varða fjármál og rekstur sveitarfélagsins.

Lagt fram til kynningar

**2. 202308037 - Jafnréttisáætlun Múlapings**

Fyrir liggur uppfærð jafnréttisáætlun Múlapings til afgreiðslu. Inn á fundinn kom Bylgja Borgþórsdóttir, íþrótt- og æskulýðsstjóri og verkefnisstjóri jafnréttisteymis, og gerði grein fyrir breytingum frá gildandi jafnréttisáætlun auk þess að svara spurningum fundarmanna.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Byggðaráð Múlapings samþykkir fyrirbyggjandi jafnréttisáætlun Múlapings sem uppfyllir kröfur laga nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna, laga nr. 85/2018 um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna, laga nr. 86/2018 um jafna meðferð á vinnumarkaði, krafa úr ÍST 85/2012 jafnlaunastaðlinum auk laga nr. 151/2020 um stjórnsýslu jafnréttismála.

Samþykkt samhljóða án atkvæðagreiðslu.

Þröstur Jónsson lagði fram eftirfarandi bókun:

Mér er óskiljanlegt að umdeildum svo nefndum kynjafræðum virðist blandað inn í nýja jafnréttisáætlun, sem er fyrst og fremst til að tryggja jafnrétti karla og kvenna innan starfsemi sveitarfélagsins.

**3. 202308112 - Fjarskiptasamband á Austurlandi**

Til umræðu undir þessum lið var mannslát í heitri laug í Laugavalladal norðan Kárahnjúka sunnudaginn 20. ágúst 2023 og hversu langur tími leið þar til aðstoð barst er rekja má til slæms fjarskiptasambands.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Ítrekað hefur verið vakin athygli á því, af hálfu sveitarfélagsins Múlapings, hversu



slæmt fjarskiptasamband er á ákveðnum svæðum dreifbýlis og óbyggða innan sveitarfélagsins m.a. með öryggissjónarmið í huga. Sá atburður sem átti sér stað í Laugavalladal sunnudaginn 20. ágúst sl. staðfestir mikilvægi þess að við þessu verði brugðist með viðunandi hætti og er því beint til yfirstjórnar fjarskiptamála á landsvísu að sjá til þess að fjarskiptasamband verði bætt í dreifbýli á Austurlandi. Sveitarstjóra falið að koma þessu á framfæri við þar til bær stjórnvöld og þingmenn kjördæmisins.

Samþykkt samhljóða án atkvæðagreiðslu.

**4. 202308111 - Fasteignafélag Fljótsdalshéraðs ehf. 2023, fundagerðir, ársreikningar**

Fyrir liggur fundargerð aðalfundar Fasteignafélags Fljótsdalshéraðs ehf. dags. 22. ágúst 2023.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Byggðaráð Múlaþings felur fjármálastjóra að kanna hvort hægt sé að selja Fasteignafélag Fljótsdalshéraðs ehf. og sé svo ekki að setja þá slit félagsins í ferli miðað við að því verði lokið fyrir árslok 2023.

Samþykkt samhljóða án atkvæðagreiðslu.

**5. 202308123 - Aðalfundur samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum,SSKS 2023**

Fyrir liggur boðun til aðalfundar Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum sem haldinn verður föstudaginn 22. september 2023.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Byggðaráð Múlaþings samþykkir að Björn Ingimarsson og Ívar Karl Hafliðason til vara fari með atkvæði sveitarfélagsins á aðalfundi Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum sem haldinn verður föstudaginn 22. september 2023.

Samþykkt samhljóða án atkvæðagreiðslu.

**6. 202308124 - Fjarðarborg 50 ára**

Fyrir liggur erindi frá verkefnisstjóra Betri Borgarfjarðar og fulltrúa Já Sæll ehf. varðandi mögulega styrkveitingu viðburða sem stendur til að halda vegna 50 ára afmælis Fjarðarborgar á Borgarfirði.

Helgi Hlynur Ásgrímsson lýsti yfir vanhæfi sínu undir þessum lið, var það samþykkt samhljóða og vék hann af fundi.

Í vinnslu.

**7. 202308115 - Aðalfundur EBÍ 2023**

Fyrir liggur tilkynning um aðalfund fulltrúaráðs Eignarhaldsfélagsins Brunabótafélags Íslands sem haldinn verður 6. október 2023.

Lagt fram til kynningar.



**8. 202308097 - Samráðsgátt. Drög að reglugerð um íbúakosningar sveitarfélaga**

Til umfjöllunar eru drög að reglugerð um íbúakosningar sveitarfélaga.

Lagt fram til kynningar.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 10:10**

